

Bæjarráð Akraness
Stillholti 14 – 16
300 Akranes

Samþykktir aðalfundar FEBAN og erindi v Dalbrautar 6

Meðfylgjandi sendum við tvær ályktanir er samþykktar voru á aðalfundi FEBAN hinn 31 mars s.l. Eins og samþykktirnar bara með sér er félagið orðið langþreytt á efndum þeirra fyrirheita sem því voru gefin við kaup Dalbrautar 6. Algjör eining ríkir innan félagsins varðandi þessi mál. Því til staðfestingar bendum við á erindi fyrri stjórnar, dags 16 mars, er lagt var fyrir bæjarráð hinn 30 mars s.l.

Af þessum samþykktum er ljóst að félagsmenn þessa 700 manna félags leggja áherslu á að öll fyrri fyrirheit standi og að húsið verði endurinnréttað og breytt í samræmi við heildarþarfir FEBAN og félagsþjónustu kaupstaðarins, sem við lítum á sem mikilvægan og órjúfandi hluta starfsins fyrir félagsmenn okkar.

Eins og fram kom hjá formanni bæjarráðs á aðalfundinum var þeirri fyrirspurn beint til stjórnar FEBAN áður en ráðist var í endurskoðun deiliskipulags Dalbrautarreitsins, hvort hún hefði nokkuð á móti því að skoðaður væri sá möguleiki að fjarlægja húsið en gera ráð fyrir félagsheimili í nýrri byggingu. Fyrri forusta taldi sig ekki geta staðið gegn slíku. Síðan hefur verið unnin skipulagsvinna sem nú virðist komin á lokastig en aldrei hefur verið leitað álits félagsins á þeim hugmyndum allt vinnsluferlið, svo sem fyrri stjórn gekk út frá.

Við viljum minna á að í samþykkt stjórnar FEBAN frá 2 mars s.l. sem bæjarráði var kynnt með bréfi hinn 16 mars stóð m.a. eftirfarandi: „Kynnt hefur verið nýtt skipulag, þar sem gert er ráð fyrir að rífa það hús (þ.e. Dalbraut 6), til að byggja nýja þjónustumiðstöð aldraðra og öryrkja í einhverri óljósri framtíð á þessum stað. Það geta eldri borgarar ekki sætt sig við og vilja að staðið verði við gefin fyrirheit og það sem fyrst.“

Með tilvísun til framangreindrar samþykktar og þeirra sem hér fylgja með frá nýlegum aðalfundi félagsins óskum við f.h. stjórnar FEBAN eftir viðræðum við bæjaryfirvöld eins fljótt og verða má, í þeim tilgangi að leita lausna á þessu máli.


Virðingarfyllst
f.h. stjórnar FEBAN

Viðar Einarsson

Viðar Einarsson, formaður

Edda Elíasdóttir

Edda Elíasdóttir, ritari

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
11.1	ahj	18. APR. 2017
Abm.	Úrv. aðm.	Málsnr. One
0FP	St. A.	1703127